

Sveinn Magnússon
hjá Geðhjálp

Verður geð- sjúkum sagt upp?

SVEINN Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, segir að félagið viti til þess að aðstandendur og vistmenn á Arnarholti, sem er heimili fyrir geðsjúka, séu orðnir mjög óöryggir vegna hugmynda stjórnenda Landspítala – háskóla-sjúkrahúss um að loka heimilinu. „Við erum í sjálfu sér ekki á móti breytingum í hagræðingarskyni en við höfum áhyggjur af því hvað verður um þá einstaklinga sem eru á Arnarholti,“ útskýrir hann.

Sveinn bendir á að haft hafi verið eftir Eyðísi Sveinbjarnardóttur, sviðsstjóra hjúkrunargeðssviðs LSH, í Morgunblaðinu á miðvikudag að óvíst væri hvort segja þyrfti upp starfsfólki í Arnarholti verði af lokum heimilisins. „En ég spyr á móti verður geðsjúkum sagt upp?“ segir hann og ítrekar að það verði að taka tillit til þeirra einstaklinga sem búa á Arnarholti. Hann leggur þó áherslu á að ekki sé ekki búið að taka endanlega ákvörðun um að loka heimilinu. Í því sambandi vísar hann til yfirlýsinga Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra. „Ráðherra hefur sagt að Arnarholti verði ekki lokað.“

Sveinn vekur að lokum athygli á þeim orðum Eyðísar í Morgunblaðinu á miðvikudag að starfsmannavelta á geðsviðinu sé hröð. Hann segir að sú staðreynd sé áhyggjuefni út af fyrir sig. „Af hverju er starfsmannaveltan svona mikil? Er það vegna þess að vinnu-aðstaðan er bágborin? Ef svo er kann það ekki góðri lukku að stýra fyrir skjólstaðinga geðsviðsins.“